

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag Hringhamars 9, reitur 21B.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 16. nóvember 2021 deiliskipulag á reit 21B í Hamranesi. Á deiliskipulagsreitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir þrjú klasahús, 4-7 hæða með allt að 120 íbúðum.

Nýtt deiliskipulag Áshamars, reitur 1.A - 2.A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 18. janúar 2022 deiliskipulag á reit 1.A - 2.A í Hamranesi. Á deiliskipulagsreitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir sex fjölbýlishús, 4-5 hæða með allt að 170 íbúðum.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, Bjargsskarð 1 og 2 og Drangsskarð 2.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar 15. júní 2021 var samþykkt að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Bjargsskarðs 1 og 2 og Drangsskarðs 2. Breytingin felur í sér að á hverri lóð er íbúðum fjölgað um eina, byggingarreit breytt og bílastæðum fjölgað. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting á deiliskipulagi Mosahlíðar, Berjahlið 1a.

Á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar 10. nóvember 2021 var samþykkt að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi Mosahlíðar vegna lóðar fyrir dreifistöð við Berjahlið 1a. Breytingin felst í tilfærslu á lóð dreifistöðvarinnar og stækkun á byggingarreit. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillögurnar og breytingarnar hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. janúar 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir.